



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 22.04.2020

Kl.: 16:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti
landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvindan

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19.

Upplýsingamiðlun, gerð leiðbeininga og ráðlegginga til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og upplýsingasíðunni www.covid.is

Breyttar reglur um sóttkví og upptaka landamæraeftirlits á innri landamærum.

[Heilbrigðisráðherra](#) hefur í samræmi við tillögu sóttvarnalæknis breytt gildandi reglum um sóttkví. Með nýjum reglum verður öllum sem koma til landsins skylt að fara í sóttkví í 14 daga frá komu. Samhliða verður tekið upp tímabundið landamæraeftirlit á innri landamærum. Reglurnar koma til framkvæmda föstudaginn 24. apríl og falla að óbreyttu úr gildi 15. maí. Krafa um sóttkví á við um komu fólks frá löndum, sem sóttvarnalæknir skilgreinir sem há áhættusvæði, sem stendur á það við um öll lönd. Reglulega verður endurmetið hvort einhver lönd falli ekki lengur undir þessa skilgreiningu. Til að framfylgja breyttum reglum um sóttkví þarf að taka upp tímabundið landamæraeftirlit á innri landamærum Schengen svæðisins í samræmi við útlendingalög og reglugerð um för yfir landamæri. Gerð verður krafa til þeirra sem flytja farþega til landsins að þeir útfylli svokallað e. Public Health Passenger Locator eða sambærilegt form og munu farþegar þurfa að framvísa því við landamæraeftirlit.

Á fundi ríkisstjórnar í gær var samþykkt að starfshópur nokkurra ráðuneyta sem leiddur verður af forsætisráðuneytinu muni fjalla um möguleg næstu skref varðandi ferðalög milli landa. Ákvarðanir um hvert framhaldið verður munu ráðast af þróun faraldursins héraðs og erlendis og taka mið af stefnu annarra ríkja í þessum efnum.

Tilslakanir á heimsóknarbanni og öðrum sóttvarnaráðstöfunum vegna COVID-19

Frá og með 4. maí verða gerðar tilslakanir á heimsóknarbanni á hjúkrunarheimilum. Hvert heimili aðlagar fjölda heimsókna að sínum aðstæðum (t.d. stærð heimilis, aðstæður á heimilinu hverju sinni og fjöldi staðfesta smita í sveitarfélaginu). Heimsóknir verða leyfðar inn á hjúkrunarheimilin frá 4. maí 2020 samkvæmt nánari reglum hvers heimilis, en lagt er til að aðeins nánasta aðstandanda verði leyft að koma inn á heimilið fyrstu tvær vikurnar frá því að tilslakanir hefjast og lengur ef svo ber undir.

Takmarka þarf fjölda heimsókna í hverri viku í ljósi þess að smit getur borist inn á heimili með gestum. Í maí 2020 er almennt ekki gert ráð fyrir að börn og ungmenni (yngri en 14 ára) komi í heimsókn, en vonir standa til að heimsóknir verði rýmkaðar frekar í júní 2020. Hægt er að nálgast upplýsingar um þessar tilslakanir [á vef landlæknis](#).


Tölulegar upplýsingar fyrir Ísland

Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.785, samtals 313 eru í einangrun og 1.462 hafa náð bata. Alls eru 1.442 innanlandssmit og ekki vitað um uppruna 4 smita. Samtals hafa um 44.468 sýni verið tekin, 637 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru 10 látin.

[Skv. tölum Landspítalans](#) eru 13 innlagðir á Landspítala með staðfest COVID-19 smit, þar af eru 4 á gjörgæslu og 3 í öndunarvél. 297 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19, þar af 24 börn í eftirliti Barnspítala Hringins. Þá hefur 1542 einstaklingum batnað og 88 einstaklingar hafa verið útskrifaðir af spítalanum.

Spálíkan 20.02.2020 fyrir fjölda tilfella og álag á heilbrigðisþjónustu

- Gert er ráð fyrir því að á meðan þessi bylgja faraldursins gengur yfir muni rúmlega 1800 manns á Íslandi vera greind með COVID-19, en talan gæti náð nær 2100 manns skv. svartsýnni spá.
- Gert er ráð fyrir að fjöldi greindra einstaklinga með virkan sjúkdóm nái hámarki í fyrstu viku apríl og verði sennilega um 1300 manns, en gæti viku seinna náð 1600 manns skv. svartsýnni spá.
- Gert er ráð fyrir að á meðan að þessi bylgja faraldursins gengur yfir muni 120 manns þarfnast innlagnar á sjúkrahúsi, en gæti náð hátt í 140 manns.
- Mesta álag á heilbrigðisþjónustu vegna sjúkrahúsinnlagna verður fyrir miðjan apríl en þá er gert ráð fyrir að um það bil 60 einstaklingar geti verið innliggjandi á sama tíma, en svartsýnni spá er 90 einstaklingar.
- Gert er ráð fyrir því að á tíma faraldursins muni um 24 einstaklingar veikjast alvarlega, þ.e. þurfa innlögn á gjörgæslu, á tímabilinu en svartsýnni spá er 36 einstaklingar.
- Mesta álag á gjörgæsludeildir gæti orðið í annarri viku apríl, en þá er búist við því að 10 manns liggi þar inni á sama tíma, en samkvæmt svartsýnni spá gætu það verið 18 manns.
- Smávægileg hliðrun aldursdreifingar í átt að fleiri greindum smitum meðal einstaklinga yfir sextugt myndi auka álag á heilbrigðisþjónustu talsvert.



Breyttar reglur um takmarkanir á samkomum frá 4. maí. Sjá auglýsingu heilbrigðisráðuneytisins og minnisblöð sóttvarnalæknis.

Fjöldamörk samkomubanns miðast við 50 einstaklinga í stað 20 áður.

Reglur um tveggja metra fjarlægð haldast óbreyttar.

- Skólastarf í leik- og grunnskólum verður með eðlilegum hætti.
- Í framhalds- og háskólum gildir meginreglan um hámark 50 einstaklinga í sama rými.
- Ýmis þjónusta: Hárgreiðslustofur, nuddstofur, sjúkraþjálfun, snyrtistofur, söfn og sambærileg starfsemi geta hafið starfsemi en halda skal 2ja metra fjarlægð milli viðskiptavina eins og kostur er.
- Heilbrigðisþjónusta: Öll heilbrigðisstarfsemi sem ekki felur í sér valkvæðar skurðaðgerðir eða aðrar ífarandi aðgerðir verður heimil. Tannlækningar verða einnig heimilar.

Skipulagt íþróttastarf barna á leik- og grunnskólaaldri verður heimilt utandyra með eftirfarandi takmörkunum:

- Ekki fleiri en 50 einstaklingar verða saman í hóp.
- Halda skal tveggja metra fjarlægð eftir því sem það er unnt, einkum hjá eldri börnum.

Annað skipulagt íþróttastarf er heimilt utandyra með eftirfarandi takmörkunum:

- Ekki fleiri en fjórir einstaklingar æfa eða leika saman.
- Snertingar eru óheimilar og halda skal tveimur metrum á milli einstaklinga.
- Notkun á sameiginlegum búnaði skal haldið í lágmarki en annars skal sótthreinsa hann á milli notkunar.

Áfram einstaklingsbundnar sýkingavarnir og vernd viðkvæmra hópa

- Hreinlæti
- Nándarmörk 2 m (nema fyrir börn) og forðast mannmergð
- Endurskoðun heimsóknaleiðbeininga á hjúkrunarheimili

Þátttakendur: Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn, Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, Alma D. Möller, landlæknir. Gestur fundarins var Anna Birna Jensdóttir frá samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu:

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir fór yfir tölur dagsins og stöðu faraldursins. Sjö ný smit voru greind síðasta sólarhring og heildarfjöldi smita er nú kominn í 1785. Af þessum sjö smitum voru þrjú greind hjá einstaklingum í sóttkví. Fjögur voru greind á veirufræðideild LHS og þrjú hjá deCode. Öll smitin voru á höfuðborgarsvæðinu. 1462 hefur nú batnað eftir smit og í máli Þórólfs kom fram að nú hafa ríflega 44.000 sýni verið greind, úr um 13 prósent þjóðarinnar. Um sex prósent þjóðarinnar er eða hefur verið í sóttkví. Fjöldi virkra smita fer nú hraðminnkandi. Þórólfur telur faraldurinn nú vera í mikilli niðursveiflu og að fá smit séu í gangi, einnig þar sem hópsýkingar hafa komið upp. Tekist hafi að ná utan um hópsýkingar á Vestfjörðum. Þó megi áfram búast við sveiflum í fjölda smita.

Þórólfur vakti athygli á tveimur auglýsingum sem birtar hafa verið. Annars vegar um afléttingu aðgerða 4. maí næstkomandi, sem snúa einkum að börnum á leik- og grunnskólaaldri. Eftir 4. maí verða engar takmarkanir á þessum hópum, nema hvað varðar almennt hreinlæti og sóttvarnir, og 2 metra reglan verður felld niður í þessum hópum. Þessi skref eru mikilvæg þegar kemur að börnum segir Þórólfur. Smit hjá börnum séu fátíð og í rakningu hafi komið fram að smit frá börnum til fullorðna séu ekki þekkt hér – frekar á hinn veginn. Þórólfur bað alla um að kynna sér vel efni þessarar auglýsingar og minnti á að nú væri verið að útbúa spurningar og svör fyrir covid.is og heimasíðu Landlæknis. Hann bað fólk um að kynna sér vel þetta efni, í stað þess að senda strax fyrirspurnir á Almannavarnir.

Þórólfur minnti einnig á auglýsingu um breytingar á reglum um sóttkví, þannig að nú þurfa allir erlendir ferðamenn að fara í 14 daga sóttkví við komu til landins. Þessar reglur taka gildi á föstudaginn, 24 apríl, og gilda til 15. maí, þegar þær verða endurmetnar. Hægt er að sækja um undanþágu til sóttvarnalæknis, en Þórólfur bað viðkomandi að hugsa sig vel um áður en óskað verður eftir slíkri undanþágu – það væru ákveðnar útfærslur fyrir þjóðhagslega hagkvæma starfsemi útlendinga sem hingað koma, en reynt verði að halda því í lágmarki.

Anna Birna Jensdóttir, hjá samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu greindi frá áætlun um að aflétta að hluta til því banni sem verið hefur við heimsóknum á hjúkrunarheimili. Anna Birna þakkaði starfsfólki hjúkrunarheimila, íbúum þar og ekki síður aðstandendum þá þolinmæði og skilning sem þau hafa sýnt ströngum reglum um heimsóknarbann, en að nú væri komin áætlun um að aflétta banninu. Þó þurfi að fara varlega, og fram til 4. maí verði unnið að frekari útfærslu á afléttingu. Þá verður slakað á heimsóknarbanni á hverju heimili fyrir sig, miðað við aðstæður á hverjum stað. Lagt verður til að einum aðstandanda í einu verði leyft að heimsækja íbúa á hjúkrunarheimilum – fyrstu tvær vikurnar að minnsta kosti. Ungmendum á aldrinum 14-18 verður einnig leyft að koma, en ekki yngri börnum. Boð verða send til ættingja í dag, miðvikudag, um hvernig þeir geta pantað heimsóknartíma, og ættingjar verða hvattir til að hlaða niður covid rakningarappinu í snjallsíma.

Anna Birna tók sérstaklega fram að aðstandendur mega ekki koma nema hafa pantað tíma; heimsóknum verði raðað niður svo jafnræðis verði gætt milli íbúa og tillit tekið til aðstæðna. Gestum verði fylgt að herbergi og út aftur og ekki megi staldra við í sameiginlegum rýmum. Aðstandendur verði að gæta varúðar og ekki koma í heimsókn ef þeir eru lasnir, eru í sóttkví eða einangrun, eða eru að bíða eftir niðurstöðu úr covid-sýnatöku. Útfærslur á heimsóknum fyrir hvert heimili eiga að liggja fyrir eftir helgi. Starfshópur sem unnið hefur að þessum tillögum hefur einnig lagt til tilslakanir fyrir hárgreiðslustofur á hjúkrunarheimilum, sem og aðra þjónustu: slík starfsemi verði aðeins í boði fyrir íbúa og starfsfólk, eða utanaðkomandi skjólstæðinga. Ekki verður lagt til að íbúar hjúkrunarheimila geti farið í bíltúra eða heimsóknir, en nauðsynlegar ferðir, til dæmis vegna heilbrigðisþjónustu verði leyfðar.

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn þakkaði Önnu Birnu og vinnuhópnum fyrir að finna leiðir til að opna fyrir heimsóknir á hjúkrunarheimili.

Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir vakti athygli á því að nú er leikfimi á dagskrá RÚV á morgnana og eftir hádegi. Hann vakti einnig athygli á því að hópurinn sem stendur að þættinum „Með okkar augum“ verður með sérstakan COVID-19 þátt á RÚV í kvöld, og að samtökin Á allra vörum hafa ákveðið að setja á laggirnar „Varasjóð“ til að hjálpa velferðarsamtökum.

Ýmis verkefni

Rauði krossinn

Enn er mikið álag á Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is Einnig hefur orðið mikil aukning í beiðnum um símavin frá öllu landinu. Fjöldi sjálfboðaliða eru til taks og hefur verið hægt að anna allri eftirspurn um símavin. Færri aðilar dvelja nú í farsóttarhúsum en í síðustu viku í Reykjavík og á Akureyri. Sjálfboðaliðar Rauða krossins á landsvísu hafa haft nóg að gera við að sinna sálrænum stuðningi og matardreifingum til fólks í sóttkví og einangrun. Undanfarna daga hefur álagið verið mest á Vestfjörðum.

Vefurinn www.covid.is

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu

<https://www.covid.is/tolulegar-upplýsingar>

Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir og verkefni hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19.


Upplýsingar á vefnum eru á nýu tungumálum. Á tímabilinu 17. mars – 15. apríl hafa síður á covid.is samtals verið skoðaðar í rúmlega 7 milljón skipti.

Framundan:


- Upplýsingafundir fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er áætlaður föstudaginn 24. apríl 2020 kl. 9:00.

Staða mála


Ísland - staðan í dag



Fjöldi smita




Fjöldi sýna



Fjöldi smita eftir kyni



Uppruni smits




Smit / sóttkví eftir landshlutum



	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	1303	550
Suðurnes	77	31
Suðurland	177	67
Austurland	8	21
Norðurland eystra	46	28
Norðurland vestra	35	4
Vestfirðir	94	92
Vesturland	42	27
Óstaðsett	2	78
Útlönd	1	0

Download data

Fjöldi virkra smita eftir aldri, fjöldi þeirra sem hefur náð sér og andlát




Download data

Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví




54%

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví



Download data

Hlutfall smita af fjölda sýna



Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 2,593,129 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 179,725 einstaklingar** eru láttnir. Þá hafa **696,948 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Skv. ECDC er faraldurinn meðalstór fyrir hrausta einstaklinga en mikil lýðheilsu ógn fyrir aldraða og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](#) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.